

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um innleiðingu sáttmála um ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvenær hyggst ráðherra innleiða sáttmála C190 sem Alþjóðavinnuálastofnunin samþykkti og er fyrsti alþjóðlegi sáttmálinn sem tekur á ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði og í atvinnulífinu?*

Ráðherra hefur skipað vinnuhóp sem falið hefur verið að greina efni samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, og leggja mat á hvort og þá hvaða breytingar á löggjöf fullgilding umræddrar samþykktar héraðs hefur í för með sér en vinnuhópurinn tók til starfa í ársbyrjun 2023.

Þar sem vinnu framangreinds vinnuhóps er enn ekki lokið er óljóst hvenær unnt verður að taka til efnislegrar meðferðar á Alþingi fullgilding umræddrar samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.